



Alþingi
Erindi nr. P /38/810
komudagur 18.12.2009

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10

Reykjavík 17. desember 2009

150 REYKJAVÍK

0912029SA
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frv. til laga um framhaldsfræðslu, 233. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði, vegna menntamálanefndar Alþingis, dags. 11. desember s.l., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint þingmál.

Fyrirliggjandi frumvarp er lítillega endurskoðuð útgáfa af frumvarpi sama efnis sem lagt var fram á 136. löggjafarþingi. Nokkrar umræður urðu um það frumvarp og einkum þá ráðagerð að sveitarfélögin greiddu fyrir aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, með árlegu framlagi upp á tæplega 100 m.kr.

Eftir því sem næst verður komist hefur verið fallið frá slíkum ráðagerðum og getur sambandið því lýst yfir stuðningi við málið. Telur sambandið mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga á fyrirliggjandi forsendum enda er hér um að ræða þarft og gott málefni.

Samþykkt frumvarpsins mun skapa grundvöll undir margvíslegt þróunarstarf í framhaldsfræðslu. Í umsögn sambandsins um fyrra þingmál var bent á að ítarlegt yfirlit um námsframboð, sem fylgiskjal með frumvarpinu, væri gagnlegt til þess að greina mætti gildisvið þess og áherslur. Ný útgáfa frumvarpsins svarar þessari ábendingu ekki og felur það væntanlega í sér þá ráðagerð að stjórn Fræðslusjóðs muni hafa með höndum þá grunnvinnu að greina þarfir ólíkra hópa fyrir menntun og fræðslu og framfylgja viðmiðum um gæði náms og eftirlit.

Stjórn Fræðslusjóðs mun samkvæmt þessu gegna veigamiklu hlutverki við stefnumótun og framkvæmd laganna, sem munu m.a. taka til opinberra aðila á vinnumarkaði. Af þeirri ástæðu er áriðandi að tryggja aðild bæði frá ríki og sveitarfélögum í stjórn sjóðsins. Minnt er á í því sambandi að mun fleiri ófaglærðir starfsmenn vinna hjá sveitarfélögunum en ríkinu. Atbeini sveitarfélaganna er því mikilvægur til þess að ná megi markmiðum framhaldsfræðslu skv. frv., sbr. einkum b-lið 2. gr. þess.


Vilji sveitarfélaganna stendur til þess að taka fullan þátt í hvernig framhaldsfræðsla þróast á grundvelli nýrra laga. Ljóst er að framlag sveitarstjórnarstigsins verður umtalsvert hvað þetta varðar. Þess vegna telur sambandið það ekki ásættanlega lausn að fjármálaráðuneyti og sambandið tilnefni einn fulltrúa sameiginlega til setu í stjórn Fræðslusjóðs. Er farið fram á það að menntamálanefnd breyti 1. mgr. 11. gr. frv. í þá veru að stjórn Fræðslusjóðs verði níu manna, og að fjármálaráðuneyti og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tilnefni hvort sinn fulltrúa til setu í stjórninni.



Tillagan styðst við gild rök og væntir sambandið þess að hún fái góðan hljómgrunn í nefndinni. Vakin er athygli á að vandkvæði geta fylgt því að ætla sama stjórnarmanninum að vera fulltrúi sjónarmiða bæði fjármálaráðuneytis og sveitarfélaganna. Enda þótt áherslur beggja fari jafnan saman hvað varðar framhaldsfræðslu sem tengist opinberum vinnumarkaði er viðbúið að í einhverjum tilvikum muni mismunandi sjónarmið verða uppi.

Sambandið vill einnig áréttu athugasemd sem gerð var í umsögn um fyrra þingmál, um mikilvægi þess að við afgreiðslu málsins af hálfu löggjafans verði girt fyrir þenna möguleika að umsýsla (skv. 15. gr. fyrirbyggjandi frv.) verði falin aðila sem jafnframt er í hópi umsækjenda um greiðslur úr sjóðnum.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri